

Nd.

174. Frumvarp til laga

[132. mál]

um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán á árinu 1978 að jafnvirði allt að 4 866 millj. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal varið til framkvæmda í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1978.

3. gr.

Hverjum lífeyrissjóði, sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. D-lið 13. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma, er Seðlabanki Íslands metur gild í þessu efni.

Að því marki sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr. er fjármálaráðuneytinu skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu — bæði eigin skuldabréf og bréf Framkvæmdasjóðs Íslands og Byggingarsjóðs ríkisins — og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þá skal og öðrum stofnlána- og fjárfestingarsjóðum heimilt að gefa út og selja lífeyrissjóðum skuldabréf er fullnægja verðtryggingarákvæðum 1. mgr. að mati Seðlabanka Íslands.

Setja skal með sérstakri reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og skilgreiningu ráðstöfunarfjár.

4. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur að fjárhæð allt að 1 500 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á kostnaði við byggingu 220 kV háspennulínu frá Geithálsi í Hvalfjörð. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ráðherra f. h. ríkissjóðs er einnig heimilt að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar skv. 1. mgr. og endurlána Landsvirkjun með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.

5. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt til viðbótar heimildum samkvæmt lögum nr. 100/1974 um Hitaveitu Suðurnesja að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán, er Hitaveita Suðurnesja tekur til hitaveituframkvæmda, að fjárhæð allt að 1 800 millj. kr. eða andvirði þeirra fjárhæðar í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ráðherra f. h. ríkissjóðs er einnig heimilt að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar skv. 1. mgr. og endurlána Hitaveitu Suðurnesja með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.

6. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán ríkissjóðs, þar sem lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Skal ráðherra hafa samráð við fjárveitinga-nefnd áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram jafnhliða skýrslu ríkisstjórnarinnar um lánsfjáráætlun 1978 og felur í sér nauðsynlegar ráðstafanir til þess að markmiðum áætlunarinnar verði náð. Að því er ríkisframkvæmdir varðar er leitað heimildar til erlendra lántöku að jafnvirði 4 866 m.kr. Í hliðstæðu frumvarpi vegna lánsfjáráætlunar 1977 var gert ráð fyrir erlendri lántöku til ríkisframkvæmda að fjárhæð 6 870 m.kr. og að auki 2 862 m.kr. vegna Framkvæmdasjóðs, sem ekki mun taka erlend lán vegna fjárfestingarlánasjóða á næsta ári. Samtals var því erlend fjáröflun til ríkisframkvæmda og fjárfestingarlánasjóða 9 732 m.kr. á árinu 1977, þannig að um mjög verulegan samdrátt er að ræða í erlendum lántökum í þessu skyni, eða nákvæmlega 50% lækkun í íslenskum krónum. Í lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar og athugasemdum með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1978 er gerð nákvæm grein fyrir ráðstöfun þessa fjármagns og visast til þess. Til viðbótar erlendri lánsfjáröflun er gert ráð fyrir að afla 5 586 m.kr. innanlands vegna ríkisframkvæmda, eða samtals 10 452 m.kr. Innlenda lánsfjáröflunin skiptist þannig að 3 100 m.kr. er sala ríkisskuldabréfa eða spariskirteina, og þarf því að hækka lántökuheimild fjárlagafrumvarpsins um 1 100 m.kr., sérstök fjáröflun til framkvæmda við þjóðarbókhöfðu er 170 m.kr. og innheimtufé eldri spariskirteina að frádreginni innlausn skirteina 2 316 m.kr. Er á meðfylgjandi yfirliti sýnd skipting heildarlánsfjárens eftir uppruna og ráðstöfun þess.

Að öðru leyti felur frumvarpið í sér ákvæði um kaup lífeyrissjóða á verðtryggðum skuldabréfum, m. a. af Framkvæmdasjóði og Byggingarsjóði, lántökuheimildir vegna Landsvirkjunar og Hitaveitu Suðurnesja og heimild til að breyta skammtímalánum ríkissjóðs í lengri lán.

Um 1. og 2. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringu.

Um 3. gr.

Á undanförnum árum hafa verið gerðir um það samningar milli fjármálaráðuneytisins og lífeyrissjóða að lífeyrissjóðirnir keyptu verðtryggð skuldabréf Framkvæmdasjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs ríkisins fyrir tiltekinn hluta af árlegu ráðstöfunarfé sínu. Á þessu ári er stefnt að því, að skuldabréfakaup lífeyrissjóða frá þessum aðilum nemi samtals 30% af ráðstöfunarfé. Tilgangur þessara verðbréfakaupa hefur verið tvíþættur, annars vegar að greiða fyrir þátttöku lífeyrissjóða í fjármögnun atvinnuvega og íbúðabygginga en hins vegar að gefa þeim kost á að ávaxta verulegan hluta af ráðstöfunarfé sínu með fullri verðtryggingu. Framkvæmd samninganna hefur yfirleitt gengið vel en þó hefur verið nokkur misbrestur á að allir lífeyrissjóðir keyptu verðbréf að umsömdu marki. Því þykir ástæða til þess að setja nú í lög almenn ákvæði þess efnis að öllum lífeyrissjóðum sé skylt að ávaxta tiltekinn hluta af heildarráðstöfunarfé með fullri verðtryggingu að mati Seðlabanka Íslands. Með þessu ákvæði eru sjóðirnir ekki skuldbundnir til þess að

kaupa tiltekin bréf, en leitað mun verða samninga við þá eins og undanfarin ár um að kaupa verðtryggð bréf af Framkvæmdasjóði og Byggingarsjóði fyrir 30% af ráðstöfunarfé. Jafnframt þessu er sú kvöð lögð á fjármálaráðuneytið að hafa ætíð á boðstólum verðbréf með fullri verðtryggingu svo að lifeyrissjóðirnir geti jafnan fullnægt þeirri lagaskyldu að ávaxta a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu í slíkum bréfum.

Gert er ráð fyrir að sett verði nánari ákvæði um framkvæmd greinarinnar í reglugerð. Þar verður m. a. að skilgreina ráðstöfunarfé, en til þess teljast vextir og afborganir að viðbættum iðgjaldatekjum en frádregnum lifeyrisgreiðslum.

Um 4. gr.

Um miðjan nóvember 1977 lauk Landsvirkjun við að reisa 220 kv háspennulinu milli spennistöðvar sinnar við Geitháls og spennistöðvar þeirrar sem nú er í byggingu á Brennimel við Hvalfjörð. Jafnframt var þá lokið samtengingu línu þessarar og byggðarlinunnar og þar með hafinn rafmagnsflutningur í verulega auknum mæli frá orkuveitusvæði Landsvirkjunar til Norðurlands.

Á næsta ári verður Landsvirkjunarlinan framlengd að Járblendiverksmiðjunni í Hvalfirði en ráðgert er að rafmagnssala til verksmiðjunnar hefjist snemma árs 1979. Vegna verksmiðjunnar hefði því ekki þurft að byggja linuna fyrir 1978 en vorið 1977 ákvað stjórn Landsvirkjunar, að höfðu samráði við ríkisstjórnina, að flýta byggingu linunnar svo að unnt yrði að auka sem fyrst rafmagnsflutning til Norðurlands.

Kostnaður við byggingu Landsvirkjunarlinunnar ásamt hlutdeild Landsvirkjunar í spennistöðinni á Brennimel áætlast alls 1 500 millj. kr. eða andvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Kostnaður þessi er að verulegu leyti þegar áfallinn og hefur hann verið fjármagnaður með erlendum lánum til skamms tíma. Ætlunin er að taka erlend lán til langs tíma til endurgreiðslu hlutaðeigandi skammtímalána og fjármögnunar kostnaðarins á árinu 1978. Ráðgert er að umrædd lán verði annað hvort með ríkisábyrgð eða lán sem ríkissjóður tekur og endurlánar Landsvirkjun.

Um 5. gr.

Framkvæmdir hófust við Hitaveitu Suðurnesja árið 1975. Þær hafa staðið sleitulaust síðan og er nú langt komið. Í nóvember 1976 var vatni hleypt á dreifikerfi Grindavíkur. Síðan hefur verið unnið að dreifikerfi fyrir Njarðvíkur og Keflavík og er áætlað að vatni verði hleypt á til Njarðvíkur fyrir áramót og til Keflavíkur í byrjun næsta árs. Framkvæmdum er haldið áfram og er reiknað með að þeim ljúki á miðju ári 1979 fyrir allt Reykjanes utan Keflavíkurflugvallar.

Ábyrgðarheimild er veitt var með lögum nr. 100/1974 nam 2 000 millj. kr. Er nú talið nauðsynlegt að afla umræddrar viðbótarheimildar til þess að ljúka verkinu að þessu leyti.

Um 6. gr.

Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum á undanförunum árum hefur yfirleitt ekki verið vól á erlendum lánum til nægilega langs tíma miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra framkvæmda sem með þeim hafa verið fjármagnaðar. Veldur þetta óeðlilega örum afborgunum og þungri greiðslubyrði á næstu árum. Aðstæður á erlendum lánamörkuðum hafa farið heldur batnandi að undanförunu og gæti því orðið hagkvæmt að taka lán til greiðslu lána sem greiða verður á skömmum tíma.

Eðlilegt þykir að fjármálaráðherra hafi samráð við fjárveitinganefnd um slíkar lánabreytingar.